GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

Sorphreinsunar- og sorppokagjald	kr. 2.500 á hverja íbúð
Sorpeyðingargjald	kr. 5.500 á hverja íbúð
Sorphirðugjald samtals	kr. 8.000 á hverja íbúð

Sorphirðugjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök miðast við magn úrgangs og er árlega sem hér greinir:

1) Grunngjald kr. 15.000 á ári.

2) Magngjald (hámark) kr. 15.000 fyrir hverja 10 m³ (10.000 lítra) sorps. Upphæð magngjaldsins fer eftir heildar sorpmagni sem til sorpeyðingarstöðvar berst.

3) Meðhöndlunargjald:

Hreint sorp:	Ekkert aukagjald
Yfirferð	18% álag á magngjald
Meðhöndlun	106% álag á magngjald

Gjalddagar eru þrír, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

4. gr.

Önnur gjöld:	
Urðun	Gjaldfrítt
Bílflök:	
Fólksbifreiðar	5.000 kr./stk.
Stærri bifreiðar	7.500 kr./stk.
Brotamálmur:	
Aðrir málmar:	Flokkunargjald 106% á magngjald.
Önnur gjöld:	
Spilliefni	Gjaldfrítt

5. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá, sem samþykkt var af bæjarstjórn Vestmannaeyja 11. nóvember 1999, 2. gr., og 21. apríl 1999, 3. og 4. gr., er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, samþykkt heilbrigðisnefndar Suðurlands 27. febrúar 2001 og samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Vestmannaeyjum nr. 22/1993, öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 26. apríl 2001.

Guðjón Hjörleifsson bæjarstjóri.